

Mál nr. 131/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V1)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V1, dags. 10. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum byggir M m.a. á því að menn á vegum X hafi komið í byrjun desember 2024 og skipt um mæli fyrir hitaveitu í sumarbústað M. X er undirverktaki hjá X1. Við það verk hafi þeir gleymt að skrífa aftur fyrir heitavatnsinntakið sem hafi orðið til þess að allar neysluvatnslagnir í bústaðnum hafi sprungið og blöndunartæki og uppþvottavél eyðilagst. Þá hafi jafnframt einstefnulokar og tveir þrýstiminkarar eyðilagst auk mæla í vatnslagnaskápi. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. X er með ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá V1. X1 er hins vegar með ábyrgðartryggingu hjá V2. Í málskotinu er þó aðeins gerð krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 21. mars 2025, er bótakröfu M hafnað með þeim rökum að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Í því sambandi hafnar V1 þeim rökum M að starfsmenn X hafi í umrætt sinn tekið vatnið af bústaðnum en síðan gleymt að skrífa aftur frá því. Þvert á móti byggir V1 á því að þegar menn á vegum X hafi komið að bústaðnum til að skipta um mæli, nokkuð sem þeir hafi síðan gert, hafi þeir uppgötvað að frosið var í heimæðinni. Hafi það verið tilkynnt til X1. Telur V1 því að M hafi ekki tekist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis starfsmanna X enda hafi tjónið raungerst áður en þeir komu á staðinn.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 23. maí 2025, er m.a. bent á að þegar skipt sé um mæli, beri X1 að gefa út verklagslýsingu, birta hana og fylgja eftir. Farist þetta fyrir, eins og raunin hafi verið, beri X1 skaðabótaábyrgð. Síðan færir M frekari rök fyrir því að X1 hafi ekki hagað stöfum sínum með forsvaranlegum hætti. Eins og áður hefur verið nefnt er ekki í málskoti gerð krafa um bætur úr tryggingum X1.

Í viðbótarathugasemdum V1, dags. 10. júní 2025, er m.a. hnykkt á því að X1 sé ekki með tryggingar hjá V1 heldur einungis X. Rök M sem snúa að hugsanlegri ábyrgð X1 geti því ekki leitt til þess að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Síðan tekur V1 fram að af hálfu X hafi verið unnið eftir viðurkenndu verklagi og að M hafi ekki lagt fram gögn í málinu sem sýnt gætu fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið ábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni í sumarbústað M. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að rekja megi tjónið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

M byggir kröfu sína á því að tjónið verði rakið til þess að þegar menn á vegum X hafi skipt um mæli fyrir hitaveitu í sumarbústað M, hafi þeir gleymt að skrífa aftur fyrir heitavatnsinntakið að verkinu loknu. Það hafi valdið því tjóni sem um er deilt í málinu. Þessu hefur V1 mótmælt sem ósönnuðu og

haldið því fram að þegar starfsmenn X hafi komið á staðinn hafi þeir uppgötvað að frosið var í heimæðinni. Tjón M verði því ekki rakið til athafna eða athafnaleysis þeirra. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til sakar X eða starfsmanna X.

Með vísan í framangreinda umfjöllun telur nefndin að M hafi ekki tekist sú sönnun. Því er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að bæta beri tjónið úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V1.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Margrét Arnheiður Jónsdóttir